

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 23. júní 2010 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins. Fundurinn var fyrsti fundur ný kjörinnar sveitarstjórnar. Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson, Jensína Lýðsdóttir og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stýrði kjöri oddvita

1. Kjör oddvita og varaoddvita

Tillaga um að Adolf H. Berndsen verði oddviti og Halldór G. Ólafsson varaoddviti var samþykkt samhljóða.

2. Kosning í nefndir og ráð:

Eftirtaldir voru kosnir í nefndir og ráð á vegum sveitarfélagsins til næstu fjögurra ára:

a) Fræðslunefnd

Aðalmenn:

Birna Sveinsdóttir

Péturína L. Jakobsdóttir

Aðalheiður Árnadóttir

Baldur Magnússon

Signý Richter

Til vara:

Guðmundur Finnbogason

Svenný H. Hallbjörnsdóttir

Fannar Viggósson

Björn Hallbjörnsson

Jóhanna Karlsdóttir

b) Skipulags- og byggingarnefnd

Aðalmenn:

Magnús B. Jónsson

Björn Hallbjörnsson

Svenný H. Hallbjörnsdóttir

Vilhelm H. Harðarson

Ari Jón Þórsson

Til vara:

Halldór G. Ólafsson

Pétur Eggertsson

Hjalti Reynisson

Inga Rós Sævarsdóttir

Ólafur Ásgeirsson

c) Tólmstunda- og menningarmálanefnd

Aðalmenn:

Jón Ólafur Sigurjónsson

Valdimar Björnsson

Björk Sveinsdóttir

Róbert F. Gunnarsson

Kristín Leifsdóttir

Til vara:

Sigrún Líndal

Jensína Lýðsdóttir

Ólafía Lárusdóttir

Elva Árnadóttir

Róbert Kristjánsson

d) Hafnarnefnd

Aðalmenn:

Adolf H. Berndsen

Jóhann Sigurjónsson

Árni Sigurðsson

Gunnar Sveinsson

Sigríður Gestsdóttir

Til vara:

Jón Sveinsson

Péturína L. Jakobsdóttir

Guðjón Guðjónsson

Valdimar Björnsson

Jón Ólafur Sigurjónsson

Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

- e) Kjörstjórn
Aðalmenn: Til vara:
Lárus Ægir Guðmundsson Guðbjörg Ólafsdóttir
Steindór R. Haraldsson Guðný Sigurðardóttir
Ingibjörg Kristinsdóttir Vigdís Þorgeirsdóttir
- f) Skoðunarmenn reikninga
Aðalmenn: Til vara:
Gunnlaugur Sigmarsson, Guðbjörg Ólafsdóttir
Signý Richter Guðrún Pálsdóttir
- g) Ársþing SSNV
Aðalmenn Til vara:
Adolf H. Berndsen Jón Ólafur Sigurjónsson
Halldór G. Ólafsson Jensína Lýðsdóttir
Péturína Jakobsdóttir Baldur Magnússon
- h) Fulltrúi á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga
Adolf H. Berndsen Til vara: Halldór G. Ólafsson
- i) Í fulltrúaráð BÍ
Magnús B. Jónsson Til vara: Adolf H. Berndsen
- j) Stjórn byggðasamlags um Félags- og skólaþjónustu A-Hún
Magnús B. Jónsson Til vara: Péturína Jakobsdóttir
- k) Stjórn byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún
Halldór G. Ólafsson Til vara: Jón Ólafur Sigurjónsson
- l) Stjórn byggðasamlags um menningar og atvinnumál
Adolf H. Berndsen Til vara: Halldór G. Ólafsson

3. Lóðasamningur um Fellsmela 1

Fyrir fundinum lá leigusamningur um lóðina Fellsmela 1 þar sem Hringrás ehf. er leigð lóðin fyrir athafnasvæði og byggingu atvinnuhúsnæðis. Sveitarstjórn yfirfór lóðasamninginn og ræddi einstaka liði hans. Sveitarstjóra var falið að afla frekari gagna um fyrirhugaðar byggingar á lóðinni en samningurinn var efnislega samþykktur að þeim fengnum.

4. Ársreikningur Ámundakinnar

Fyrir fundinum lá ársreikningur Ámundakinnar ehf. fyrir árið 2009 ásamt samantekt um starfsemi félagsins árið 2009. Gögnin voru til kynningar.

5. Bréf:

- a) Sveitarfélagsins Skagafjarðar, dags. 2. júní 2010
Með bréfinu er gerð athugasemd við aðalskipulag Skagastrandar 2010-2022 þar sem misræmis gæti á legu sýslumarka milli aðalskipulags Skagafjarðar og Skagastrandar. Bréfið var til kynningar og sveitarstjóra falið að svara því í samræmi við efni.

- b) Vina Kvennaskólans, dags. 10. júní 2010
Með bréfinu er kynnt samþykkt á aðalfundi Vina Kvennaskólans þar sem forráðamenn í héraði eru hvattir til að standa vörð um menningararfinn sem fólgin er í minjum og sögu Kvennaskólans og styðja við mennta- og menningarstarf í húsínu. Bréfið var til kynningar.
- c) Byggðasamlags um menningu og atvinnumál, dags. 14. júní 2010
Með bréfinu sem er ritað af Arnari Þór Sævarssyni framkvæmdastjóra byggðasamlagsins er gerð grein fyrir helstu endurbótum sem unnið hefur verið að í Kvennaskólanum á Blönduósi. Jafnframt er þess farið á leit við aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins að þau greiði viðbótarframlag samkvæmt meðfylgjandi gögnum.
Þá er með bréfinu farið fram á að sveitarstjórnir í A-Hún samþykki að fela stjórn byggðasamlagsins umboð til að tilnefna fulltrúa í stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins. Sveitarstjórn samþykkti bæði erindin.
- d) Stjórnar Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna, dags. 17. maí 2010
Með bréfinu eru kynntar fjórar mismunandi leiðir til stefnumótunar fyrir safnið og kallað eftir vilja eigenda þess um framtíðarhlutverk og rekstur.
Meðfylgjandi bréfinu var einnig skýrsla stjórnarmannanna Björns Magnússonar, Matthíasar Lýðssonar og Sigríðar Hjaltadóttur þar sem staða safnsins er skilgreind. Gögnin voru til kynningar en sveitarstjórn lýsti þeirri skoðun sinni að hún teldi eðlilegt stjórnar Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál hafi málefni byggðasafnsins til umfjöllunar fyrir hönd sveitarstjórna í A-Hún.

6. Fundargerðir:

- a) Tólmstunda- og menningarmálanefndar 15. júní 2010
Fundargerðin var samþykkt
- b) Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, 8. júní 2010
Fundargerðin var til kynningar
- c) Stjórnar Norðurár bs. 14. apríl 2010
Fundargerðin var til kynningar
- d) Stjórnar Norðurár bs. 6. maí 2010
Fundargerðin var til kynningar
- e) Stjórnar Norðurár bs. 18. maí 2010
Fundargerðin var til kynningar
- f) Stjórnar Norðurár bs. 10. júní 2010
Fundargerðin var til kynningar
- g) Heilbrigðisnefndar Nl.vestra, 11. júní 2010
Fundargerðin var til kynningar

7. Opnun ljósmyndavefs Skagastrandar

Adolf H. Berndsen oddviti sveitarfélagsins opnaði formlega nýjan ljósmyndavef sem tengdur hefur verið við heimasíðu sveitarfélagsins og hefur það hlutverk að varðveita og hafa aðgengilegar ljósmyndir fyrr og nú frá mannlífi náttúru og sögu Skagastrandar.

8. Önnur mál

Oddviti greindi frá því að hann og sveitarstjóri hafi átt fundi með fulltrúum fjármálastofnana um fjárstýringu fyrir sveitarfélagið.

Sveitarstjóri greindi frá helstu framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11¹⁵

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson,

Jensína Lýðsdóttir

Magnús B. Jónsson